

GRAS- OG
TORFTEGUNDIR



Svona
gerum
við

3

GARÐAGRAS

Lýsing: Garðagrasið er uppbyggt á svipaðann hátt og vallargrasið. Í garðagrasiinu eru vallarsveifgrös ríkjandi ásamt smágerðum túnvinguli. Vallarsveifgrösin í garðagrasiinu eru það sem að allt snýst um, ef það kemur eitthvað fyrir grasið þá loka þau sárunum og þá gróa þau saman og gera við sig sjálf. Einkennandi eiginleiki þessarar grastegundar er að hún fjölgar sér með jarðreglum sem leita í ljósið og búa til nýja einstaklinga. Einnig eru þessi grös einstaklega mjúk viðkomu og gott að ganga berfættur á þeim eða liggja í sólbaði. Þessa grastegund vantar oftast í þökur. Garðagrasið hefur dökkgræna og fínlega áferð.

Garðagrasið er sérhannað fyrir hefðbundnar grasflatir við íbúðahús, sumar-bústaði og stofnanir og fyriritækjalóðir. Garðagrasið hefur ekki alveg sama slitþol og vallargrasið þar sem grösin eru öll smærri og fíngerðari. Þetta er engu að síður næst sterkasta grasblandan okkar hvað varðar slitþol. Garðagrasið gefur fíngerða og fallega áferð á grasflötina. Vex minna heldur en vallargrasið og er sérhannað fyrir fallega heimagrassflöt. Viðhald garðagrassanna felst í hæfilegri áburðargjöf sem gefin er í litlum skömmtum með jafnri dreifingu 3-4 sinnum yfir sumarið á þann hátt hlst dökkgrænn litur á grasflötinni allfaf. Vallarsveifgrösin lifa og dafna vel. Þau verja sig vel gegn mosa og öðru illgresi. Í hefðbundnum túnpökum eru alltaf miklu gerófari grös oftast voru þær notaðar til fóðurræktunar og túnin orðin gömul þegar torfið er skorið. Varast skyldi að kaupa túnpökur af gömlum túnum. Ræktunin á ekki að vera meira en 3-4 ára.

Sláttupörf: Vikulegur á aðalvaxtartímanum fer eftir áburðamagni. Grasflötina má slá niður í 3-5sm. Æskilegt er að láta grasið ekki vaxa meira en það að slegið sé 1/3 af blaðinu.